

# GOLFKLÚBBURINN LEYNIR

ÁRSSKÝRSLA 2023



Aðalfundur  
23. nóvember 2023  
Garðavellir, Akranesi


## 58. starfsár Golfklúbbsins Leynis – Skýrsla stjórnar

Golfsumarið á Íslandi árið 2023 fór frekar hægt af stað og setti veðurfarið þar helst strik í reikninginn. Veturinn á suðvestur horni landsins reyndist einn sá kaldasti í manna minnum og hafði það áhrif á vallaraðstæður í landshlutanum og var Garðavöllur þar ekki undanskilinn. Frostspungur þvert yfir brautir víðs vegar á vellinum var eitthvað sem kylfingar hafa ekki séð áður sem gáfu sterka vísbendingu um að frost var mjög djúpt í jarðveginum sem myndi skila sér í mikilli vætu inn í vorið. Kalskemmdir í flötum, teigum og brautum voru einnig verkefni sem vallarstarfsmenn glímdu við langt inn í sumarið. Í kjölfarið seinkaði opnun Garðavallar um tvær vikur miðað við eðlilegt veðurfar sl. ár. Kylfingar reyndu að láta vallaraðstæður ekki aftra sér en það var óumflýjanlegt og sýna tölur um umferð á Garðavöll það svart á hvítu.

Mótahald fór einnig úr skorðum þetta vorið og varð GL m.a. að hætta við stigamót GSÍ vegna bleytu og lakra vallaraðstæðna. Seinni hluti júní og fram í haustið var veðurtíðin mun skaplegri og náði umferðin á Garðavelli sér verulega á strik en skráðir hringir voru 24.155 talsins.



Eins og sjá má á súluritinu hér á eftir var umferðin mjög kaflaskipt í sumar borið saman við fyrri ár þar sem mikið fall var í spiluðum hringjum í maí og sögulegu hámarki náð í júlí og ágúst.



Það má teljast virkilega mikill varnarsigur eftir erfitt vor eins og lýst var hér að framan og gefur klúbbum meðbyr fyrir komandi tíma.

Félagsmenn GL voru að vanda duglegir að spila sinn heimavöll en alls voru 18.880 hringir skráðir á félagsmenn eða um 67% allra skráðra hringja sem er örlítið hærra hlutfall en árin 2022 og 2021. En inni í þeirri tölu er þátttaka félagsmanna í innanfélagsmótum á árinu 2023.

#### **Aðalfundur 2022 og verkefni stjórnar**

Aðalfundur síðasta árs var haldinn þann 24. nóvember 2022 á Garðavöllum. Fundurinn fór vel fram og gengu umræður vel fyrir sig, sem og þau mál sem þörfuðust afgreiðslu fundarins.

Á aðalfundi GL var kosin stjórn fyrir starfsárið 2023. Stjórn var þannig skipuð:

Oddur Pétur Ottesen, formaður.

Óli Björgvin Jónsson, varaformaður.

Freydís Bjarnadóttir, gjaldkeri.

Ella María Gunnarsdóttir, ritari.

Ísak Örn Elvarsson, meðstjórnandi

Hróðmar Halldórsson, varamaður.

Haldnir voru 16 stjórnarfundir á starfsárinu auk óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli.

### **Félagatal GL**


Félagsmenn GL töldu 733 í lok sumar 2023 en voru 650 á árinu 2022. Börn sem sækja golfleikjanámskeið telja inn í félagatalið og voru í ár 47 en heldur minni aðsókn var í námskeiðin í ár en fyrri ár. Hlutfall kvenna og karla í klúbbnum er svipað í ár og s.l. tvö ár þar sem hlutfall kvenna er 30% og karla 70%.

Metnaður stjórnar stendur til að fjölga félagsmönnum áfram á komandi árum og geri klúbbinn þar af leiðandi sjálfbærari í rekstri. Beina þarf sjónarhorninu að fjölgun í barna- og unglíngastarfi en það er sannarlega ein mikilvægasta leiðin til að skapa framtíðar félagsmenn þegar til lengri tíma er litið. Fjölgun félaga skapar klúbbnum auknar fastar tekjur og gerir hann minna háðan utanaðkomandi vallartekjum.

Fjaraðildarfélögum frá nærliggjandi sveitarfélögum fjölgaði frá fyrra ári og eru nú 110 en voru 83 á árinu 2022. Nýliðun á árinu 2023 var mjög góð en 52 kylfingar gerðust meðlimir í golfhreyfingunni í fyrsta sinn innan raða Leynis. Stjórn GL vill bjóða alla þá félagsmenn sem gengu í klúbbinn á árinu sérstaklega velkomna og vonast til að sjá þá að nýju næsta vor eins og alla aðra félagsmenn

Hér á eftir má sjá hvernig félagatal GL skiptist eftir gjaldskrárflokkum. Ánægjulegt er að sjá að fullgreiðandi félagsmönnum fjölgar hlutfallslega mest. Félagsstarfið í Leyni var mjög blómlegt á starfsárinu 2023. Í vetur voru félagsmenn nokkuð duglegir að nýta sér inni aðstöðuna ásamt golfhermi í kjallara Garðavalla en takmörkuð opnun var í aðstöðunni vegna leka- og vatnsvandamála enn eitt starfsárið.





Að starfsmannahaldi GL. Valdís Þóra Jónsdóttir sem gegndi starfi íþróttastjóra GL sagði starfi sínu lausu í lok maí en lauk störfum í ágústlok. Stjórn GL þakkar Valdísi Þóru fyrir vel unnin störf á liðnum árum og óskar henni velfarnaðar í þeim verkefnum sem hún mun taka sér fyrir hendur í framtíðinni.

Golfklúbburinn Leynir hefur ráðið Birki Þór Baldursson í starf íþróttastjóra en hann hóf störf að fullu í lok október. Stjórn GL býður Birki Þór hjartanlega velkominn til starfa.



## Miklar áskoranir framundan


Áskoranir Golfklúbbsins Leynis á komandi árum eru miklar, bæði sem snúa að framkvæmdum og viðhaldi á Garðavelli sem og fjárfestingum í tækjum og búnaði með það að markmiði að gera klúbbinn sem mest sjálfbæran í umhirðu og rekstri. Við höfum á liðnum árum bætt verulega við tækjakost okkar og höfum lagt drög að frekari kaupum á næstu árum. Enn og aftur hefur GL þurft að mæta áskorunum varðandi Garðavelli en þar hefur aðkomuvatn verið að gera okkur lífið leitt. Mest hefur aðstaða í kjallara hússins verið til vandræða. Er þetta viðfangsefni sem unnið er í samstarfi við eiganda húsnæðisins, Akraneskaupstað, en vonandi náum við tökum á baráttunni við vatnið á endanum.



Þessu til viðbótar eru atriði sem snúa að samstarfi kaupstaðarins og GL sem eru til þess fallinn að valda klúbbnum áhyggjum. Í því ljósi að vetrariðkun golfs, þá aðallega í formi golfiðkunar í hermunum hefur aukist gríðarlega, þá verður ekki fram hjá því horft að æfingaaðstaða GL er ekki á nokkurn hátt ásættanleg. Aðstaðan er löngu sprungin og stöðug ógn vegna bleytu er eitthvað sem erfitt er að una við. Þegar horft er til þeirrar miklu fjölgunar sem orðið hefur í klúbbnum er það engum vafa undirorpið að þetta þarfnast úrlausnar – úrlausn sem tæplega verður hrundið í framkvæmd án aðkomu kaupstaðarins.

Annað atriði sem einnig er til þess fallið að valda áhyggjum GL eru skipulagsmál. Ekki er til undirritaður formlegur samningur um afnot GL af deiliskipulagssvæði golfklúbbsins og hefur ekki fengist raungerður þrátt fyrir ítrekaða beiðni þess efnis af hálfu GL. Aukinheldur þarf ef vel á að vera að víkka deiliskipulagssvæði golfklúbbsins út svo landleysi verði ekki hamlandi í vexti og viðkomu klúbbsins á komandi árum. Við höfum fjöldann allan af dæmum í nágrannasveitarfélögum okkar þar sem fyrirbyggja í skipulagsmálum hefur ekki verið með i för, með þeim afleiðingum að vaxtarmöguleikum golfklúbba er kastað á glæ.

Stjórn GL hefur fundað með umhverfis- og skipulagsráði og viðrað þessar áhyggjur og ítrekað óskað eftir frekari samtali án þess þó að hafa fengið skýr svör af hálfu ráðsins eða kaupstaðarins. Stjórn ætlar þó að leyfa sér að vera bjartsýn um að betra samtal komist á á næstu mánuðum.





Hlynur Guðmundsson hefur áfram sinnt veitingarekstri á Garðavöllum undir nafni Nítjándu / Bistro & Grill. Stjórn GL þakkar Hlyni og hans góða starfsfólki fyrir mjög gott samstarf á árinu og erum þess fullviss að það séu mikil sóknarfæri í samstarfinu, báðum aðilum til hagsbóta.

Á 79. ársþingi ÍA sem haldið var 25. apríl í Tónbergi voru félagsmenn GL, þeir Þórður Emil Ólafsson, Jóhann Þór Sigurðsson og Reynir Sigurbjörnsson sæmdir bandalagsmerki ÍA.

Stjórn GL óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina og heiðursviðurkenninguna, með þeim óskum fylgja þakkir fyrir frábært starf í þágu klúbbsins.





Fjórir félagsmenn unnu það afrek að fara holu í höggi á Garðavelli í sumar. Fyrstur til þess þetta sumarið var Hallur Freyr Sigurbjörnsson þann 6. júní á 8. holu. Næstur í röðinni var Guðmundur Valdimarsson en draumahöggið sló hann 23. júlí á 3. holu. Þá var það Arnar Gunnarsson sem fór holu í höggi þann 25. júlí á 18. holu en hann var að spila leik í holukeppni í Liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar. Síðsumars, þann 10. september fór svo Dean Martin holu í höggi á 6. holu en það er par 4. hola sem er 255 metra löng. Golfklúbburinn Leynir óskar þeim innilega til hamingju með að vera komin í Einherjaklúbbinn.



## Sveitakeppnir og afreksfólk GL

Íslandsmót golfklúbba, 2. deild karla, var haldið við góðar aðstæður á Garðavelli dagana 18.-20. ágúst. Stefán Orri Ólafsson, Alex Hinrik Haraldsson, Þórður Emil Ólafsson, Hróðmar Halldórsson, Guðmundur Sigurbjörnsson, Pétur Vilbergur Georgsson, Hannes M. Ellertsson og Willy Blumenstein skipuðu sveit Leynis. Liðsstjóri Leynis var Örn Gunnarsson. Sveitin stóð sig mjög vel í mjög sterku móti og endaði í þriðja sæti.



Kvennasveit Leynis spilaði einnig í 2. deild en leikið var á Hamarsvelli í Borgarnesi dagana 18.-20. ágúst. Alls tóku 9 klúbbar þátt í ár og gerðu Leyniskonur vel og enduðu í 4. sæti. Í kvennasveit Leynis spiluðu; Aníta Ósk Pétursdóttir, Elín Dröfn Valsdóttir, Elísabet Valdi-marsdóttir, Ella María Gunnars-dóttir, Jóna Björg Olsen og Ruth Einarsdóttir sem jafnframt var liðsstjóri GL.

Íslandsmót golfklúbba í 2 deild karla 2023 í +50 ára og eldri fór fram dagana 24.-26. ágúst á Kirkjubólsvelli í Sandgerði. Golfklúbburinn Leynir sendi sveit til leiks sem skipuð var af Guðmundi Hreiðarssyni, Kristvin Bjarnasyni, Pétri Vilberg Georgssyni, Þórði Má Jóhannessyni, Sigurði Elvari Þórólffssyni, Kristjáni Kristjánssyni og Halldóri B. Hallgrímssyni sem einnig var liðsstjóri sveitarinnar. Sveit GL stóð sig vel og landaði fjórum sigrum gegn einu tapi og endaði í 5. sæti af 8 sveitum.





Íslandsmót golfklúbba í 1. deild kvenna 2023 í +50 ára og eldri fór fram dagana 24.-26. ágúst á Strandarvelli á Hellu. Golfklúbburinn Leynir sendi sveit til leiks sem skipuð var þeim Díönu Carmen Llorens Izaguirre, Ellen Ólafsdóttur, Helgu Rún Guðmundsdóttur, Jónu Björg Olsen, Elísabet Sæmundsdóttur, Elísabet Valdimarsdóttur, Nönnu Björg Lúðvíksdóttur og Ragnheiði Jónasdóttur. Liðsstjóri sveitarinnar var Ruth Einarsdóttir. Sveit GL stóð sig vel, endaði í 7. sæti og heldur sæti sínu í fyrstu deild að ári.





Í annað sinn sendi Golfklúbburinn Leynir karlasveit til leiks í sveitakeppni LEK í aldursflokknum 65 ára og eldri en mótið fór fram í Hveragerði dagana 9.-10. ágúst. Sveitin spilaði í 2. deild og endaði í 3. sæti. Sveitina skipuðu Hinrik Árni Bóasson, Guðmundur Haraldsson, Sæmundur Hinriksson, Mattías Þorsteinsson, Reynir Þorsteinsson og Einar Jónsson sem var liðsstjóri. Varamenn voru þeir Eiríkur Karlsson og Jón Smári Svavarsson.

Golfklúbburinn Leynir tók þátt í sveitakeppni unglunga í aldursflokkunum 17-21 árs og 16 ára og yngri dagana 20.-23. júlí en leikið var á Hellu og á Selfossi. Báðar sveitirnar stóðu sig með þrýði og endaði sveit 17-21 árs í 8. sæti en sveit 16 ára og yngri í 4. sæti. Sveitir Leynis skipuðu:



### **U16**

Arnar Gunnarsson  
Bragi Friðrik Bjarnason  
Guðlaugur Þór Þórðarson  
Hilmar Veigar Ágústsson  
Sigurður Brynjarsson  
Vala María Sturludóttir

### **17-21**

Björn Viktor Viktorsson  
Elsa Maren Steinarsdóttir  
Ingimar Elfar Ágústsson  
Kári Kristvinsson  
Nói Claxton  
Tristan Freyr Traustason

Úr afreksstarfi má nefna góðan árangur Elsu Marenar Steinarsdóttur en hún átti mjög gott sumar og vann sitt fyrsta mót á Unglingamótaröð GSÍ á Akureyri ásamt því að enda í öðru sæti í tveimur mótum. Þá varð hún stigameistari ársins í flokki 17-21 árs á mótaröðinni. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur einnig átt gott sumar en endaði í 2. sæti í Íslandsmótinu í höggleik 15-16 ára drengja, ásamt því að fara holu í höggi á 17. holunni í Eyjum í sama móti.

Þrír kylfingar tóku þátt í Íslandsmótinu í höggleik sem haldið var á Oddfellow vellinum í ágúst. Það voru þau Björn Viktor Viktorsson, Elsa Maren Steinarsdóttir og Tristan Freyr Traustason. Öll komust þau í gegnum niðurskurðinn á mótinu og er það í fyrsta skipti sem Leynir á þrjá kylfinga sem komast í gegnum niðurskurð á Íslandsmóti.





## Að lokum

Golf er göfug íþrótt. Þetta er íþrótt sem sameinar ánægjuna af því að vera úti í náttúrunni, líkamsrækt, leik, keppni, sjálfsaga og síðast en ekki síst góðum félagskap. Umgjörð og upplifun er órjúfanlegar þáttur iðkunar, sem og uppbyggilegt og gefandi félagsstarf. Og það síðastnefnda í þessari upptalningu er að mörgu leiti heilbrigðisvottorð fyrir stöðu félagsstarfs í hverju félagi fyrir sig. Þar raungerist hvað hlutverk sjálfböðavinnu er ómetanlegt fyrir Golfklúbbinn Leyni. Það er orðið fastur liður á hverju vori í aðdraganda opunar, að fjöldinn af félagsmönnum sem mætir til að leggja hönd á plóginn er hreint ótrúlegur. Vill stjórn þakka öllum þeim sem unnið hafa ötult starf í nefndum fyrir GL á starfsárinu sem og þeim fjölmörgu sjálfböðaliðum sem lagt hafa hönd á plóg í öðrum verkefnum. Það er ekki sjálfgefið að njóta svo mikils velvilja í garð félagsins. Sjálfböðastarfið gegnir lykilhlutverki í félagsstarfinu, þetta starf þéttir raðir, bætir umgjörðina og gerir félagsstarfið skemmtilegra. Félagsmenn- og konur í GL, okkar glæsilegi Garðavöllur og félagsaðstaðan að Garðavöllum eru undirstöðurnar sem klúbbstarfið hvílir á af fullum og jöfnum þunga.





Stjórn þakkar vallarnefnd, vallarstjóra, vélarmanni ásamt öðru góðu starfsfólki sem unnu svo vel að umhirðu og viðhaldi Garðavallar í ár. Einnig fær starfsfólk í afgreiðslu GL þakkir fyrir fagmannlegar og hlýjar móttökur til handa félagsmönnum og gestum Garðavallar. Sú faglega umgjörð sem tekist hefur að skapa í rekstrinum er besta kennileitið um þá fagmennsku og þann metnað sem starfsfólk okkar býr yfir. Töluvert álag hefur verið á mótanefnd GL þetta sumar líkt og áður eins og má sjá í skýrslu mótanefndar. Aðsókn í golfmót sumarsins var mjög góð enda lagði mótanefnd og velunnarar hennar mikinn metnað í að skapa alla umgjörð móta eins vel og kostur var. Margar sjálfböðaliðastundir liggja að baki slíkrar framkvæmdar. Stjórn færir mótanefnd sérstakar þakkir fyrir óeigingjarnt starf.

Í tengslum við Meistaramótið í sumar var aftur boðið upp á hið vinsæla reglurölt með dómurunum og félagsmönnum Viktori Elvari Viktorssyni og Rúnari Frey Ágústssyni sem mjög margir félagsmenn nýttu sér. Færir stjórn þeim bestu þakkir fyrir þetta framtak. Sérstakar þakkir fær Viktor Elvar Viktorsson fyrir aðkomu að ýmsum öðrum verkefnum sem hann hefur tekið að sér í sjálfböðaliðavinnu fyrir félagið í ár og á



umliðnum árum. Að lokum vil ég þakka starfsfólki klúbbsins, meðstjórnarfólki mínu í stjórn, sem og nefndarfólki, fyrir einstaklega gott, skemmtilegt og árangursríkt samstarf. Síðast en ekki síst vil ég færa framkvæmdastjóra þakkir fyrir gott samstarf og vel unnin störf.

*Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis  
O. Pétur Ottesen, formaður  
23. nóvember 2023*



## Skýrsla framkvæmdastjóra

Það er ávallt við hæfi að byrja þessa skýrslu á að þakka innilega öllum félagsmönnum, stjórn, nefndum og samstarfsfólki fyrir gott og ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Golfvertíðin í ár fór treglega af stað meðal annars sökum frosts, bleytu og slæmra vallaraðstæðna. Kylfingar voru eðlilega verulega spenntir fyrir komandi golftímabili en þurftu að þreyja þorrann fram í miðjan júní.

Starfsmenn GL voru 23 þegar mest lét frá vori til hausts en þeir voru þó með mismikla viðveru yfir sumarið. Því til viðbótar má telja nokkra félagsmenn sem ávallt voru tilbúnir að hlaupa í skarðið ef upp á vantaði. Í því samhengi vil ég sérstaklega þakka Halldóri F. Jónssyni fyrir sitt framlag til Garðavallar í ár, það er ómetanlegt eins og alltaf. Heilsárs stöðugildi á árinu voru fjögur en stefnt er að því að fjölga um eitt stöðugildi á völlinn frá og með janúar 2024.

Akraneskaupstaður hefur stutt vel við bakið á klúbbnum í sumar líkt og undanfarin ár. Um 10 ungmenni úr unglíngavinnunni störfuðu við ýmis verk á og við Garðavöll og færur við kaupstaðnum þakkir fyrir þann stuðning.

Styrktaraðilar GL, stórir sem smáir, eru afar dýrmætir bakhjarlar klúbbsins og færi ég þeim bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu 2023. Nýir styrktaraðilar bættust í hópinn í sumar og færur við þeim bestu þakkir fyrir samstarfið og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

### Rekstur GL starfsárið 2023

Rekstrarniðurstaða Golfklúbbsins Leynis fyrir árið 2023 var góð. Ýmsar áskoranir mættu klúbbnum á yfirstandandi rekstrarári sem ekki var gert ráð fyrir í áætlunum. Til að mynda var gert ráð fyrir 8 m.kr. tekjum vegna sláttar á opnum svæðum og á Jaðarsbökkum sem varð töluvert minna en áætlanir gerðu ráð fyrir þar sem knattspyrnufélagið sér nú alfarið um að hirða það svæði. Þá urðu kjarasamningshækkanir klúbbnum kostnaðarsamari en gert var ráð fyrir í áætlunum.

Töluverðar fjárfestingar voru á árinu 2023. Stærsta fjárfestingin var í svokölluðum spreypbíl sem er mikil bylting og framfaraskref í umhirðu og áburðargjöf. Þá voru þrjár slátturþjónar keyptir af Akraneskaupstað og fjárfest í fyrsta hluta vökvunarbúnaðar. Alls voru fjárfestingar á árinu tæpar 19. m.kr.



Þörfin á endurnýjun á vélabúnaði er ávallt brýn og óumflýjanleg en tækjakostur vallarins þarf að endurspeglar gæði hans hverju sinni. Að því sögðu stefnir GL að frekari fjárfestingum á komandi árum en búið er að leggja inn pöntun fyrir nýrri grísláttuvél og sandara sem tekin verða í notkun vorið 2024. Þá er hugmyndin að hagræða í tækjafлотanum og fjárfesta í fleiri slátturþjónum ásamt því að halda áfram með útbreiðslu vökvunarkerfis á Garðavöllum.

Eiginfjárstaða klúbbsins hefur verið sterk og nú í lok starfsárs tók stjórn ákvörðun um að greiða niður allar vaxtaberandi skuldir við Landsbankann sem námu um 14 m.kr. Golfklúbburinn Leynir heldur áfram að greiða niður skuld við Akraneskaupstað vegna umfram kostnaðar við byggingu Frístundamiðstöðvarinnar, Garðavalla. Í ár nam niðurgreiðslan um 6,2 m.kr. sem samanstendur bæði af skuldajöfnun t.a.m. vegna vinnuframlags og beinum greiðslum af hendi GL.

### **Rekstrarreikningur**

Rekstrartekjur hækkuðu um rúmar 8 m.kr. á milli ára eða um 6%. Helsta skýring þess er fjölgun félagsmanna og auknar leigutekjur en sundurliðun þeirra tekna má sjá undir skýringum nr. 4 í ársreikningi.

Félagsgjöld hækka um 14% á milli ára eða úr rúmum 44 m.kr. á árinu 2022 í um 51 m.kr. á árinu 2023.

Tekjur af velli lækka um rúmar 2 m.kr. á milli ára en hér er um að ræða vallargjöld, vallarleigu og tekjur GL af slætti á opnum svæðum. Vallargjöld og vallarleiga hækka hins vegar um 4 m.kr. á milli ára en tekjur af slætti lækka um 6 m.kr. Það verður að teljast mjög jákvætt að vallargjöld og vallarleiga hækki svo á milli ára sérstaklega í ljósi þess að tímabilið var mun styttra í ár en við eigum að venjast.

Rekstrargjöldin á árinu eru um 133,7 m.kr. sem er rétt undir áætlun ársins. Laun og launatengd gjöld hækka um 5 m.kr. miðað við áætlun og eru nú um 80 m.kr. Skýringuna má m.a. finna í því að kjarasamningshækkunir í ár voru hærri en gert var ráð fyrir í áætlun sem og að ákveðnar afturvirkar hækkunir sem og leiðréttingar sem tilheyrðu bæði núverandi og síðasta rekstrarári féllu á þetta rekstrarár.

Rekstur vallar var hærri í ár en árið 2022 en það má að mestu rekja til aukins efnis- og viðhaldskostnaðar.

Rekstrarafkoma klúbbsins er jákvæð um rúmar 18 m.kr. fyrir fjármagnsliði og afskriftir og má því segja að staða klúbbsins sé góð eftir rekstrarárið 2023. Afskriftir rekstrarfjármuna og fjármagnsliðir skila ársreikningi í 1.814.057 kr. afgangi.

*Rakel Óskarsdóttir  
Framkvæmdastjóri GL  
Akranesi, 17. nóvember 2023*



## Skýrsla barna-, unglunga- og afreksnefndar

Í stjórn barna-, unglunga- og afreksnefndar til 31. ágúst 2023 sátu:

- Ingibjörg Stefánsdóttir, formaður
- Arna Magnúsdóttir
- Ágúst Grétar Ingimarsson
- Hrönn Þorgeirsdóttir

Frá 1. september skipuðu eftirfarandi nefndina tímabundið:

- Ísak Örn Elvarsson, formaður
- Ella María Gunnarsdóttir
- Hróðmar Halldórsson

Tengiliður stjórnar við BUA nefnd var Ísak Örn Elvarsson.

Starfsárið 2023 voru skráðir rúmlega 50 iðkendur frá aldrinum 9-21 árs. Aldrei hafa þó fleiri æft golf að vetri til en lítil afföll voru frá sumaræfingum yfir á vetraræfingar. Farið var inn í Grundaskóla í nóvember 2022 og sá íþróttastjóri um golfkennslu í íþróttum fyrir 3.-10. bekk. Ávinningurinn var sá að iðkendur í yngsta hópnum tvöfölduðust.

Á golfleikjanámskeið klúbbsins mættu tæplega 50 krakkar en er það örlítið færri en undanfarin ár. Prufað var nýja útfærslu af námskeiðunum þar sem boðið var upp á námskeið fyrir og eftir hádegi í einhverjum vikunum. Sum voru sameinuð vegna dræmrar skráningar á annað hvort námskeiðið. Einnig var uppsetningu breytt en farið var með krakkana í golf, ratleik, frisbee golf og sundferð. Voru þau börn sem sóttu námskeiðið ánægð með námskeiðin.

Skipulagðar æfingar svipuðu til síðustu ára þar sem skipulagðar æfingar voru þrisvar í viku yfir veturinn, afrekshópur fjórum sinnum í viku og þau sem vildu máttu koma á sérstaka styrktar- og samhæfingaæfingu sem var bætt við. Yfir sumarið voru æfingarnar fjórum sinnum í viku ásamt styrktar- og samhæfingaræfingu sem var haldið áfram eð mánudögum.

Valdís Þóra, íþróttastjóri Leynis, sá um æfingarnar. Fylgdi hún krökkunum á öll mótin á Unglingamótaröðinni, að undaskildu Íslandsmótinu í holukeppni, og nokkur mót á Mótaröð þeirra bestu. Henni innan handar voru Elsa Maren Steinarsdóttir, Tristan Freyr



Traustason, Bragi Friðrik Bjarnason, Guðlaugur Þór Þórðarson og Vala María Sturludóttir, en þau sáu um leikjanámskeið sumarsins.

### Árangur úr starfinu

Undanfarin ár hefur verið ágætis þátttaka barna og unglunga í mótum á vegum GSÍ. Í ár tóku 13 krakkar þátt bæði á Unglingamótaröðinni og Áskorendamótaröðinni. Árangurinn lét ekki á sér standa en Elsa Maren Steinarsdóttir átti frábært sumar og vann sitt fyrsta mót á Akureyri. Auk þess varð hún tvívegis í öðru sæti, einu sinni í því þriðja og einu sinni í fjórða sæti. Elsa stóð uppi sem stigameistari 2023 í flokki stúlkna 17-21 árs.



Elín Anna Viktorsdóttir tók þátt í landsmótinu í golfi sem haldið var um Verslunarmannahelgina og gerði sér lítið fyrir og sigraði það. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur einnig átt sterkt ár en hann endaði í 2. sæti í Íslandsmótinu í högggleik 15-16 ára drengja, ásamt því að fara holu í höggi á 17. holunni í Eyjum í sama móti. Guðlaugur lauk sumri í 5. sæti á stigalista Unglingamótaraðarinnar.

Á Áskorendamótaröðinni tók Ernir Kristvinsson þátt. Ernir endaði í 9.sæti í Íslandsmóti 12 ára og yngri en um 40 kylfingar voru skráðir til leiks og því flottur árangur hjá Erni.



Þrjú kylfingar tóku þátt í Íslandsmóttinu í högguleik sem haldið var á Oddfellow vellinum í ágúst. Það voru þau Björn Viktor Viktorsson, Elsa Maren Steinarsdóttir og Tristan Freyr Traustason. Öll komust þau leikandi í gegnum niðurskurðinn á móttinu og er það í fyrsta

skipti sem Leynir á þrjú kylfinga sem komast í gegnum niðurskurð á Íslandsmótti.

Fjórir kylfingar komust inn í Íslandsmót unglunga í holukeppni en aðeins 16 efstu í hverjum flokk komast inn í móttið. Elsa lauk leik í 4. sæti mótsins en aðrir keppendur féllu úr keppni í fyrstu umferð.

Þá voru lið send í Íslandsmót golfklúbba 17-21 ára og 16 ára og yngri. Blandaðar sveitir voru sendar í báða flokka og stóðu krakkarnir sig með þrýði. Yngri sveitin spilaði á Hellu og endaði í 4. sæti en þau þurftu að spila þrjár umferðir á einum og sama deginum vegna slæmrar veðurspár fyrir síðasta daginn. Eldri sveitin spilaði á Selfossi og endaði í 8. sæti af 13 liðum.

### **Fróðleikur úr starfinu**

Farið var í æfingaferð til Spánar um miðjan apríl. Farið var á Novo Sancti Petri, svæði með 36 holum, 9 holu þar 3 velli og frábæru æfingasvæði. 11 krakkar fóru með í ferðina ásamt einu foreldri og tveimur systkinum. Frábær ferð þar sem krakkarnir mættu í útihlaup, spiluðu 18-36 holur og æfðu golf fram að kvöldmat alla daga.

Markmið BJA nefndar hefur verið að fara árlega í æfingaferð erlendis því það hvetur krakka til auka æfinga og kynnir krakkana fyrir golfi í öðruvísi aðstæðum en þau eru vön á Íslandi. Krakkarnir læra að spila á öðruvísi tegundum af grasi, sandi og hönnun valla; kennir þeim leikskipulag og ímyndunarafli þegar það kemur að golfleiknum og lengir tímabilið utanhúss. Allt eru þetta mikilvægir þættir í móttun ungra kylfinga.

Lokahóf barna var haldið 31. ágúst. Krökkunum var boðið í Hoppland þar sem margir létu adrenalínfíkilinn í sér skína og aðrir tóku stór skref í að sigrast á sjálfu sér. Einnig var boðið krökkunum upp á pizzuveislu og drykki. Barna og unglínganefnd þakkar Skaganum 3x, Ölgerðinni og Einarsbúð kærlega fyrir að styrkja lokahóf krakkana.

Valdís Þóra, íþróttastjóri, lét af störfum 31. ágúst eftir þrjú ár í starfi. Stjórn Leynis hefur ráðið Birki Þór Baldursson í stöðu íþróttastjóra frá og með 1. september.



### **Að lokum vill BUA nefnd koma á framfæri þökkum til styrktaraðila:**

- Landsbankinn
- Íslandsbanki
- Akraneskaupstaður og ÍA
- Húsasmiðjan

*Fyrir hönd barna-, unglínga- og afreknefndar,  
Valdís Þóra Jónsdóttir, fráfarandi Íþróttastjóri.  
Birkir Þór Baldursson, Íþróttastjóri.  
Akranesj, 26. október, 2023.*






## Skýrsla mótanefndar

Mótahald er helsti vettvangur félagsstarfs klúbbsins og því mikilvægt að vel til takist. Fyrirkomulag og aðsókn móta á starfsárinu 2023 var með svipuðum hætti og árið 2022. Þátttaka í opnum mótum sem og í innanfélagsmótum var mjög góð í ár en vissulega gat veðrið sett sinn svip á þátttökuna í sumum mótum. Þá var töluverð seinkun á nokkrum mótum sökum þess að opnun Garðavallar seinkaði miðað við eðlilega veðurtíð.

Í mótanefnd sátu, Hafsteinn Víðir Gunnarsson (formaður), Þórður Elíasson, Þórunn Halldórsdóttir, Búi Örylgsson, Birkir Guðmundarson, Guðmundur Sigurbjörnsson, Magnús D. Brandsson og Hróðmar Halldórsson sem tengiliður stjórnar.

Í sumar voru haldin 7 opin mót, 24 innanfélagsmót auk ýmis önnur boðsmót fyrirtækja, hópa og félagasamtaka.

Golfklúbburinn Leynir varð að þessu sinni að fella niður Hótel B59 stigamót GSÍ vegna vallaraðstæðna í vor. Alls tóku 2.948 kylfingur þátt í golfmótum á Garðavelli í ár, sem er í takt við s.l. ár. Nánari skiptingu milli móta og ára má sjá í töflunni hér að neðan.



Meistaramót GL fór fram dagana 5.-9. júlí og urðu Stefán Orri Ólafsson og Elsa Maren Steinarsdóttir klúbbmeistarar í ár. Mótanefnd óskar þeim innilega til hamingju með árangurinn sem og öðrum sem unnu til verðlauna í öðrum flokkum. Mótanefnd þakkar félagsmönnum fyrir góða þátttöku í Meistaramótinu í ár.



Ánægjulegt er að segja frá því að þátttakan í Meistaramótinu í ár var frábær eins og undanfarin ár en alls tóku 160 kylfingar þátt sem er nánast á pari við árið 2022.

Fuglaleikurinn var endurtekin í Meistaramótinu en þar gátu kylfingar safnað fuglum í þágu góðs málefnis í samvinnu við fyrirtækið Skipavík í Stykkishólmi en fyrirtækið greiddi 500,- kr. fyrir hvern fugl sem náðist í mótinu og rann upphæðin óskipt til Krabbameinsfélags Akraness. Alls söfnuðust 291 fuglar í ár sem gaf 145.500,- kr í fuglasöfnunina. Skipavík bætti þó í og ákvað að hafa upphæðina 200.000,- kr. og hefur upphæðinni verið komið til aðstandenda sjóðsins og færa þau félagsmönnum, stjórn Leynis og Skipavík bestu þakkir fyrir rausnarlegan styrk. Golfklúbburinn Leynir færir einnig Skipavík bestu þakkir fyrir samstarfið um þetta mikilvæga verkefni. Mótanefnd færir starfsmönnum GL þakkir fyrir faglega vinnu við mótið sem og öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögð sitt að mörkum svo að mótið gæti orðið eins glæsilegt og raunin varð. Þá færir mótanefnd Sigurði Elvari Þórólfsyni hjá Skagafréttum.is sérstakar þakkir fyrir að taka myndir út á golfvelli á meðan á mótinu stóð, sem og



öðrum jákvæðum fréttum af mótahaldi á liðnu starfsári. Slíkt er ómetanlegt bæði í sögulegu samhengi sem og til að upplýsa samfélagið um það jákvæða starf sem fram fer í klúbbnum.

Liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar fór fram í þriðja sinn í sumar við góðar undirtektir félagsmanna. Keppnisfyrirkomulagið er með svipuðum hætti og keppt er í sveitakeppnum golfklúbbanna. Átta lið skráðu sig til leiks, hvert skipað 7-10 leikmönnum. Liðið Lærlingar goðsagnarinnar báru sigur úr bítum í úrslitaleik við liðið 50 gráður en lokaumferðin fór fram 17. september. Mótanefnd þakkar Blikksmiðju Guðmundar fyrir samstarfið og stuðninginn á þessum vettvangi og hvetur þau þátttöku lið ársins sem og aðra félagsmenn að taka þátt að ári.

Hið vinsæla og vel heppnað hjóna- og paramót fór fram laugardaginn 3. júní og var uppselt í mótið líkt og fyrri ár. Hótel Laxárbakki, styrktaraðili þessa móts, kom enn og aftur sterkt inn og færur við eigendum Hótel Laxárbakka sérstakar þakkir fyrir frábært samstarf og velvild í garð þessa móts. Mótanefnd þakkar þeim Þórði Emil Ólafssyni og Berglindi Helgu Jóhannsdóttur fyrir undirbúning mótsins, eins þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem lögðu sitt af mörkum til að gera það svo veglegt. Góður rómur var gerður að mótinu og hafa kylfingar nú þegar skráð sig til þátttöku að ári.



Miðvikudagsmótin eru ávallt vinsæl á meðal félagsmanna og í ár ákvað mótanefnd að breyta flokkum mótsins. Í stað að keppa í kynjaflokkum var keppt í tveimur

forgjafaflokkum. Mótanefnd telur þessa breytingu hafa heppnast vel og var að sjá að margir nýjr kylfingar tóku virkan þátt í mótariðum sumarsins. Mótanefnd þakkar Landsbankanum og SF smiðum fyrir samstarfið og aðkomu þeirra að miðvikudagsmótunum í ár.



Aðsókn í opin mót var góð í sumar líkt og undanfarin ár og þakkar mótanefnd samstarfsaðilum og þeim fjölmörgu Leynis kylfingum sem tóku virkan þátt í mótunum í sumar.

Þá var aftur brugðið á það ráð í lok sumars að halda lokamót mótanefndar GL þ.e. Vatnsmótið og Innanfélags Texasmót á sama degi. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, og eru félagsmenn duglegir að taka þátt í þessum mótum. Svo að lokum, þá fór Bændaglíman fram laugaraginn 7. október og voru bændur ársins 2023 hjónakornin María Björg Sveinsdóttir og Rafnkell Guttormsson eða Mæja og Keli. Góð þátttaka var í mótinu en það var lið Mæju, gráa liðið, sem bar sigur úr bítum.

Að lokum þakkar mótanefnd enn og aftur öllum þeim sem hjálpuðu til við framkvæmd móta sem og styrktaraðilum fyrir þeirra framlög.

*F.h. mótanefndar  
Hafsteinn Gunnarsson, formaður.  
Akranesi, 9. október 2023*

## Meistaramót útslit:

### Meistaraflokkur kvenna:

1. Elsa Maren Steinarsdóttir 320 högg +32 (81-79-81-79).
2. Vala María Sturludóttir 343 högg + 55(85-91-80-87).

### Meistaraflokkur karla:

1. Stefán Orri Ólafsson 304 högg +16 (77-75-78-74).
2. Hermann Geir Þórsson 304 högg +16 (82-71-76-75).
3. Þórður Emil Ólafsson 310 högg +22 (78-77-76-79).

### 1. flokkur karla:

1. Davíð Búason 315 högg +27 (81-75-77-82).
2. William James Mcfadyean Hay 319 högg +31(85-76-82-76).
3. Rúnar Freyr Ágústsson 320 högg +32 (76-82-81-81).

### 1. flokkur kvenna:

1. María Björg Sveinsdóttir 352 högg +64 (89-91-89-83).
2. Ruth Einarsdóttir 358 högg +70 (86-96-91-85).
3. Elísabet Valdimarsdóttir 369 högg +81 (93-92-96-88).

### 2. flokkur karla:

1. Helgi Rafn Rafnkelsson 338 högg +50 (83-78-90-87).
2. Jóhannes Gíslason 342 högg +54 (89-84-86-83).
3. Ásgrímur Óskar Jóhannesson 343 högg +55 (90-87-85-81).

### 2. flokkur kvenna:

1. Ella María Gunnarsdóttir 378 högg +90 (97-97-99-85).
2. Helga Rún Guðmundsdóttir 379 högg +91 (90-98-98-93).
3. Freydís Bjarnadóttir 381 högg +93 (93-103-93-92).

### 3. flokkur karla:

1. Guðmundur Páll Bergþórsson 359 högg +71(91-92-95-81).
2. Hjörtur Júlíus Hjartarson 366 högg +78 (95-95-89-87).
3. Þróstur Vilhjálmsson 373 högg +85 (92-92-93-96).

### 3. flokkur kvenna:

1. Rósa Björk Lúðvíksdóttir 325 högg +109 (108-103-114).
2. Steindóra Sigríður Steinsdóttir 330 högg +114 (110-112-108).
3. Þórgunnur Stefánsdóttir 350 högg +134 (114-125-111).

### 4. flokkur karla:

1. Magnús Reynisson 421 högg +133 (104-105-107-105).
2. Marías Þór Skúlason 439 högg +151 (113-108-111-107).
3. Bergþór Guðmundsson 455 högg +167 (117-112-114-112).

### Öldungar konur +55:

1. Ólöf Agnarsdóttir 308 högg +92 (109-101-98).
2. Hrafnhildur Geirsdóttir 313 högg +97 (107-101-105).
3. Katla Hallsdóttir 322 högg +106 (108-104-110).



**Öldungar karlar +65:**

1. Hinrik Árni Bóasson 250 högg +34 (89-82-79).
2. Jón Elís Pétursson 256 högg +40 (84-89-83).
3. Sigurður Grétar Davíðsson 260 högg +44 (84-91-85).

**Opinn flokkur kvenna- og karla:**

1. Viktoría Vala Hrafnisdóttir 92 punktar (21-26-25-20).
2. Elín Anna Viktorsdóttir 91 punktur (22-24-20-25).
3. Emilía Ottesen 78 punktar (19-19-21-19).



## Skýrsla forgjafanefndar

Nú eru komin fjögur sumar síðan nýtt forgjafarkerfi var tekið upp. Samkvæmt hinu nýja kerfi er forgjöf kylfinga reiknuð út frá 8 bestu hringjum leikmanns af síðustu 20. Til viðbótar er tekið tillit til leikaðstæðna á þann hátt að skor leikmanns er leiðrétt m.t.t. almenns skors á viðkomandi velli á leikdegi. Hafi skor þeirra sem skiluðu inn hringjum tiltekin dag þannig almennt verið hátt leiðir það til þess að forgjöfin hækkar minna og svo öfugt. Þá eru einnig innbyggðar varnir í reikniformúluna að ef skor sker sig verulega úr fyrri skorum er tekið mið af því.

Reynslan af hinu nýja kerfi er nokkuð góð. Almennt eru kylfingar sammála um að nýja kerfið endurspegli betur getu kylfingsins á hverjum tíma. Hins vegar má segja að forgjöf kylfinga hafi almennt lækkað og fleiri kylfingar komnir með lága forgjöf. Skýrist það mögulega af því hve auðvelt er að skrá spilaða hringi í forgjafarkerfið og lengri tíma virðist taka að hækka forgjöf en áður.

Kylfingar eru hvattir til að skrá alla hringi sína, jafnt góða sem slæma. Með því fæst sem réttust forgjöf sem endurspeglar getu kylfinga. Með því verða kylfingar einnig gildir í öll mót þar sem reglugerðir flestra móta eru í dag með þeim hætti kylfingar verða að vera með virka forgjöf til að keppa til verðlauna. Virk forgjöf fæst með því að skrá spilaða hringi í forgjafarkerfið.

Forgjöf meðlima er uppfærð daglega og hægt að fylgjast með henni í gegnum golfboxið.

*F.h. forgjafarnefndar  
Stefán Orri Ólafsson  
16. nóvember 2023*

# Skýrsla kvennanefndar

## Kvennanefnd árið 2023 var skipuð:

- Ruth Einarsdóttir - Formaður
- Þórgunnar Stefánsdóttir - Samfélagsmiðlar
- Elísabet Sæmundsdóttir - Samfélagsmiðlar
- Helga Rún Guðmundsdóttir - Sveitakeppnisnefnd
- Helga Dís Daníelsdóttir - Sveitakeppnisnefnd
- Jóna Björk Olsen - Skemmtinefnd
- Diana Carmen Llorens Izaguirre - Skemmtinefnd
- Freydís Bjarnadóttir - Tengiliður við stjórn

Dagskrá kvennagolfsins hófst snemma í ár með púttmóti í febrúar og mars. Mætingin var vonum framar og konur almennt ánægðar með þetta framtak.

11. apríl var haldið kynningarkvöld á Nítjándu og dagskrá sumarsins kynnt. Fjöldi kvenna mætti þetta kvöld. Viktor Elvar fór yfir golfreglurnar, Sigurður Elvar hélt kynningu um það að "Lengdin skiptir máli" og klúbbfatnaður kynntur.

Skipulagðir golfhittingar voru færri en árið áður vegna leiðinda veðurs í byrjun tímabils.





Ákveðið var að hafa vinkonuspil við Golfklúbb Mosfellsbæjar. Þær heimsóttu okkur 13. júní og við þær 27. júní. Mikill fjöldi Mosó kvenna skráðu sig í mótið en skráning hefði alveg mátt vera betri hjá okkar konum.



Sumargleði GL kvenna þann 19. júní féll niður og í staðin var haldið Löðrandi Orku kvennamót - Opið mót Gríðarlega veglegt mót sem var vel sótt og haldið af Löður og Orkunni.

#### **Eftirfarandi mót voru haldin á vegum kvennanefndar:**

- Vön/óvön
- Vinkvennamót GL og GM
- Búbblumót



Það kom í okkar hlut að halda Vesturlandsmót kvenna, vikið var frá mótsdagsetningu vegna skörunar við Íslandsmót golfklúbba 50+. Mótinu var síðan frestað vegna veðurs og spilað verður 29. júní 2024 hér á Garðavelli.

Íslandsmót golfklúbba var haldið í Borgarnesi 17. til 19. ágúst, sveit Leynis kom sér í gegnum högguleikinn og spilaði um 3. til 4. sæti og hafnaði í því 4. Sveitina skipuðu Ruth liðstjóri, Jóna Björg, Aníta Ósk, Elín Dröfn Ella María og Elísabet Valdimars. Íslandsmót golfklúbba 50+ var haldið á Hellu 24. til 26. ágúst. Sveit Leynis hafnaði í 7. sæti og hélt sér upp í 1. deild. Sveitina skipuðu Ruth liðstjóri, Carmen, Jóna Björg, Helga Rún, Elísabet Valdimars, Elísabet Sæmunds, Ellen Ólafsd., Ragga Jónasar og Nanna Björk.



Kvennanefndin þakkar fyrir skemmtilegt sumar !

*F.h. kvennanefndar  
Ruth Einarsdóttir, formaður  
30. október 2023*

<https://www.facebook.com/groups/624933591313827>

## Skýrsla vallarnefndar

Eftirfarandi félagsmenn skipa Vallarnefnd GL árið 2023:

- Kristvin Bjarnason, formaður
- Davíð Búason
- Eiríkur Jónsson
- Guðjón Viðar Guðjónsson
- Helga Rún Guðmundsdóttir
- Díana Carmen Liorens
- Óli Björgvin Jónsson, tengiliður stjórnar

Starf nefndarinnar hófst strax í ársbyrjun og voru haldnir 6 formlegir fundir á árinu sem eru heldur færri fundir en undanfarin ár og skýrist það af því að nú er klúbburinn með vallarstjóra í fullu starfi. Stærstu verkefni nefndarinnar á árinu voru fyrirhuguð endurnýjun á púttflöt og 18. flöt. Undirbúningsvinna að þeim framkvæmdum er að mestu lokið en engar framkvæmdir hafnar og telst það miður. Ástæður þess eru seinagangur varðandi hvað skal gera í kjallara Garðavalla og öllu sem því fylgir. Lítið var um nýjar framkvæmdir á fyrri hluta þessa árs en nú á haustdögum fóru af stað framkvæmdir á 15. holu þ.e. lokun á glompu við flötina en hún hefur ekki verið í leik frá því um mitt sumar 2022. Einnig eru hafnar framkvæmdir við nýja rauða og bláa teiga á 17. holu. Þess má svo geta hér að í vinnslu er framtíðar skipulag Garðavallar til næstu áratuga en sú vinna er eins og stendur á ís því beðið er svara frá Akraneskaupstað varðandi samning um landnýtingu.

*F.h. Vallarnefndar  
Kristvin Bjarnason, formaður  
20. nóvember 2023*





**Ársreikningur fyrir  
starfsárið 2023**

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2022 til 31. október 2023 með undirritun sinni.

Akranesi, 20. nóvember 2023

Pétur Ottesen

Pétur Ottesen  
Formaður Leynis

Freydís Bjarnadóttir

Freydís Bjarnadóttir, gjaldkeri

Ella María Gunnarsdóttir

Ella María Gunnarsdóttir, ritari

Óli Björgvin Jónsson

Óli Björgvin Jónsson, meðstjórnandi

Ísak Örn Elvarsson

Ísak Örn Elvarsson, meðstjórnandi

Hróðmar Halldórsson


Hróðmar Halldórsson, varamaður

Rakel Óskarsdóttir

Rakel Óskarsdóttir, framkv.stjóri


## Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, höfum gert dreifikönnun á fylgigögnum í bókhaldi golfklúbbsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2022 til 31. október 2023 og borið saman við bókhaldsbækur, sem reyndust réttar. Teljum við að ársreikningurinn gefa glögga mynd af rekstri golfklúbbsins.



---

*Elías H. Ólafsson*  
Kjörinn skoðunarmaður



---

*Petrea Emilía Pétursdóttir*  
Kjörinn skoðunarmaður

Akranesi þann 20. 11. 2023



# Rekstraryfirlit

## 1. nóvember 2022 til 31. október 2023

Rekstrartekjur	Skýr.	2023	Áætlun 2023	2022
Félagsgjöld	1	- 50.925.600	47.000.000	- 44.617.950
Tekjur af velli	2	- 29.827.674	32.000.000	- 32.061.514
Tekjur af mótum		- 9.325.180	11.000.000	- 11.418.700
Rekstrarframlög og styrkir	3	- 43.405.111	41.000.000	- 41.240.950
Vörusala		- 6.800.436	7.000.000	- 7.202.007
Aðrar tekjur		- 516.344	-	-
Leigutekjur	4	- 11.410.321	8.500.000	- 7.478.048
		<b>-152.210.666</b>	<b>146.500.000</b>	<b>-144.019.169</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld	5	80.457.130	75.000.000	64.209.042
Rekstur vallar	6	19.572.568	22.000.000	16.066.158
Rekstur frístundarmiðstöðvar	7	12.809.955	16.000.000	15.345.764
Mótahald og keppniskostnaður	8	6.275.342	6.000.000	6.599.114
Barna- og unglingastarf	9	1.732.280	2.000.000	1.518.327
Gjöld til GSÍ		3.690.000	3.300.000	3.079.800
Kostnaðarverð seldra vara	10	5.358.697	6.000.000	5.358.328
Annar rekstrarkostnaður	11	3.845.108	3.700.000	3.404.127
		<b>133.741.080</b>	<b>134.000.000</b>	<b>115.580.660</b>
<b>Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld</b>		<b>18.469.586</b>	<b>12.500.000</b>	<b>28.438.509</b>
<b>Afskriftir rekstrarfjármuna skv. fyrnignaskrá</b>		<b>- 15.441.626</b>	<b>- 12.073.000</b>	<b>- 11.367.986</b>
<b>Fjármagnskostnaður</b>	12	<b>- 1.213.903</b>	<b>- 800.000</b>	<b>- 1.548.348</b>
<b>Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna</b>		<b>-</b>	<b>500.000</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur umfram gjöld (-gjöld umfram tekjur)</b>		<b>1.814.057</b>	<b>127.000</b>	<b>15.522.175</b>

# EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2023

## EIGNIR

	Skýr.	31.10.2023	31.10.2022
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>			
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Mannvirki		5.462.733	5.623.121
Framlag GL til frístundamiðstöðvar		44.750.080	50.945.830
Golfvöllur		74.927.660	69.688.128
Vélar og búnaður		50.294.976	45.870.628
<b>Samtals varanlegir rekstrarfjármunir</b>		<b>175.435.448</b>	<b>172.127.707</b>
<b>SAMTALS FASTAFJÁRMUNIR</b>		<b>175.435.448</b>	<b>172.127.707</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>			
<b>Skammtímakröfur</b>			
Vörubirgðir		1.482.186	870.500
Kortavíðskipti og samningar		267.375	872.284
Víðskiptakröfur		1.085.000	710.642
<b>Samtals skammtímakröfur</b>		<b>2.834.561</b>	<b>2.453.426</b>
<b>Handbært fé</b>			
Hlaupareikningur Lí		1.508.323	173.373
Veltubríf Lí		12.000.000	0
Sparireikningur Lí		787	771
Lí veltureikn. 601		3.699.549	29.699.555
<b>Samtals handbært fé</b>		<b>17.208.659</b>	<b>29.873.699</b>
<b>SAMTALS VELTUFJÁRMUNIR</b>		<b>20.043.220</b>	<b>32.327.125</b>
<b>SAMTALS EIGNIR</b>		<b>195.478.668</b>	<b>204.454.832</b>

# EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2023

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	31.10.2023	31.10.2022
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Yfirfært frá fyrri árum		137.230.443	121.708.268
Hagn / -Tap á reikningsárinu		1.814.057	15.522.175
<b>Samtals eigið fé</b>		<b>139.044.500</b>	<b>137.230.443</b>
<b>SKULDIR</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Akraneskaupstaður skuld v. frístundarhúss		44.750.080	50.945.830
Akraneskaupstaður aðrar skuldir		4.456.796	3.948.443
Landsbanki Íslands lán		0	7.835.272
Næsta árs afborgun		0	-3.179.688
<b>Samtals langtímaskuldir</b>		<b>49.206.876</b>	<b>59.549.857</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir		3.739.726	827.998
Ógreidd laun og launatengd gjöld		3.487.566	3.606.794
Áfallnir vextir langtímalána		0	60.052
Næsta árs afborgun langtímalána		0	3.179.688
<b>Samtals skammtímaskuldir</b>		<b>7.227.292</b>	<b>7.674.532</b>
<b>SAMTALS SKULDIR</b>		<b>56.434.168</b>	<b>67.224.389</b>
<b>SAMTALS SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>		<b>195.478.668</b>	<b>204.454.832</b>



Skýringar	2023	2022
<b>Sundurliðanir</b>		
<b>1 Félagsgjöld</b>	<b>50.925.600</b>	<b>44.617.950</b>
Félagsgjöld fullorðinna	51.236.000	44.711.330
Leiðr. árgjöld fyrri ára	-837.900	0
Veittur afsláttur	-1.143.500	-2.261.380
Árgjöld heiðursfélaga	-688.500	-583.000
Félagsgjöld barna og unglunga	2.599.500	930.000
Veittur afsláttur	-240.000	-150.000
Æfingagjöld	0	1.464.000
Námskeið	0	507.000
<b>2 Tekjur af velli</b>	<b>29.827.674</b>	<b>32.061.514</b>
Vallarleiga	27.788.760	23.979.949
Tekjur af slætti	2.038.914	8.081.565
<b>3 Rekstrarframlög og styrkir</b>	<b>43.405.111</b>	<b>41.240.950</b>
Barna- og unglिंगastarf	971.523	1.676.644
Garðavellir húsaleigustyrkur	9.999.996	9.999.996
Aðrir styrkir	32.433.592	29.564.310
<b>4 Leigutekjur</b>	<b>11.410.321</b>	<b>7.478.048</b>
Boltavél	2.339.050	924.950
Garðavellir	4.198.000	2.215.000
Golfbílar	1.777.271	1.770.800
Golfbúnaður	105.500	83.798
Golfhermir	2.990.500	2.483.500
<b>5 Laun og launatengd gjöld</b>	<b>80.457.130</b>	<b>64.209.042</b>
Barna- og unglिंगastarf	11.028.350	6.674.259
Garðavöllur	52.908.703	43.094.636
Skrifstofa	16.520.077	14.440.147
<b>6 Rekstur vallar</b>	<b>19.572.568</b>	<b>16.066.158</b>
Vallarviðhald efni og vinna	6.070.317	5.530.443
Pappír prentun	285.076	395.188
Rekstur fasteigna	619.556	732.115
Gámaþjónusta	477.690	660.766
Rekstur tækja	11.624.420	8.747.646
Annar rekstrarkostnaður	495.509	0

<b>7 Rekstur Garðavalla</b>	<b>12.809.955</b>	<b>15.345.764</b>
Aðkeypt þjónusta	724.558	714.610
Afnota- og þjónustugjöld	336.975	327.211
Húsaleiga Akraneskaupstaðar	9.999.996	9.999.996
Veitugjöld	3.044.104	2.753.388
Ræstingakostnaður	0	104.858
Viðhald áhalda og tækja	881.278	1.300.666
Endurgr. Akraneskaupst. á útlögðum kostnaði v. lyftu frá f. árum	-2.253.908	0
Annar húsnæðiskostnaður	76.952	145.035
<b>8 Golfmót</b>	<b>6.275.342</b>	<b>6.599.114</b>
Aðkeypt þjónusta	3.061.190	3.441.406
Keppniskostnaður	1.457.410	1.905.314
Verðlaun og viðurkenningar	1.756.742	1.086.794
Annar kostnaður	0	165.600
<b>9 Barna- og unglíngastarf</b>	<b>1.732.280</b>	<b>1.518.327</b>
Aðkeypt þjónusta	1.093.554	926.405
Keppniskostnaður	257.486	473.025
Annar kostnaður	381.240	118.897
<b>Gjöld til GSÍ</b>	<b>3.690.000</b>	<b>2.962.400</b>
<b>10 Verslun</b>	<b>5.358.697</b>	<b>5.358.328</b>
Vörukaup	5.970.383	5.463.438
Birgðabreyting	-611.686	-105.110
<b>11 Annar rekstrarkostnaður</b>	<b>3.845.108</b>	<b>3.404.127</b>
Aðkeypt þjónusta	2.034.487	1.553.306
Pappír prentun ritföng burðargj.	44.552	66.835
Fundakostnaður	203.185	0
Gjafir og viðurkenningar	263.573	32.090
Auglýsingar	110.172	244.466
Afnota- og þjónustugjöld	352.753	708.009
Akstur og flutningsgj.	500.137	349.876
Viðhald áhalda og tækja	71.522	187.033
Annar kostnaður	264.727	262.512
<b>12 Fjármagnstekjur og gjöld</b>	<b>1.213.903</b>	<b>1.548.348</b>
Afskrifaðar kröfur	0	509.780
Vaxtatekjur	-202.491	-18.920
Vaxtagjöld	1.065.124	923.696
Bankakostn. og þjónustugjöld	351.270	133.792

# SJÓÐSTREYMI

01.11.2022 - 31.10.2023

Rekstrarhreyfingar	Árið 2023	Árið 2022
Hagnaður (tap) ársins	1.814.058	15.522.176
Afskriftir	15.441.626	11.367.985
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>17.255.684</b>	<b>26.890.161</b>
<b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>		
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	-611.686	-105.110
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	230.551	483.218
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	2.732.448	1.301.235
<b>Nettó breyting</b>	<b>2.351.313</b>	<b>1.679.343</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>19.606.997</b>	<b>28.569.504</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Eignfærðar framkvæmdir á velli	-5.239.532	0
Keypt tæki	-13.509.834	-14.727.213
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>-18.749.366</b>	<b>-14.727.213</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Tekin lán	6.000.000	0
Afborganir langtímaskulda	-13.326.919	-6.550.001
Afborgun á skuld vegna frístundahúss	-6.195.750	-3.006.339
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>-13.522.669</b>	<b>-9.556.340</b>
<b>Hækkun (lækkun) handbærs fjár</b>	<b>-12.665.038</b>	<b>4.285.953</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs</b>	<b>29.873.699</b>	<b>25.587.748</b>
<b>Handbært fé í lok árs</b>	<b>17.208.659</b>	<b>29.873.699</b>



# Fjárhagsáætlun

## 1. nóvember 2023 til 31. október 2024

Rekstrartekjur	Skýr.	Áætlun 2024	2023	2022
Félagsgjöld	1	58.000.000	- 50.925.600	- 44.617.950
Tekjur af velli	2	30.000.000	- 29.827.674	- 32.061.514
Tekjur af mótum		12.000.000	- 9.325.180	- 11.418.700
Rekstrarframlög og styrkir	3	43.000.000	- 43.405.111	- 41.240.950
Vörusala		7.000.000	- 6.800.436	- 7.202.007
Aðrar tekjur		-	- 516.344	-
Leigutekjur	4	11.000.000	- 11.410.321	- 7.478.048
		<b>161.000.000</b>	<b>-152.210.666</b>	<b>-144.019.169</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld	5	86.000.000	80.457.130	64.209.042
Rekstur vallar	6	19.000.000	19.572.568	16.066.158
Rekstur frístundarmiðstöðvar	7	16.000.000	12.809.955	15.345.764
Mótahald og keppniskostnaður	8	7.000.000	6.275.342	6.599.114
Barna- og unglíngastarf	9	2.000.000	1.732.280	1.518.327
Gjöld til GSÍ		4.200.000	3.690.000	3.079.800
Kostnaðarverð seldra vara	10	6.000.000	5.358.697	5.358.328
Annar rekstrarkostnaður	11	4.000.000	3.845.108	3.404.127
		<b>144.200.000</b>	<b>133.741.080</b>	<b>115.580.660</b>
<b>Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld</b>		<b>16.800.000</b>	<b>18.469.586</b>	<b>28.438.509</b>
<b>Afskriftir rekstrarfjármuna skv. fyrnignaskrá</b>		<b>- 16.100.000</b>	<b>- 15.441.626</b>	<b>- 11.367.986</b>
<b>Fjármagnskostnaður</b>	12	<b>- 300.000</b>	<b>- 1.213.903</b>	<b>- 1.548.348</b>
<b>Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna</b>		<b>4.000.000</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur umfram gjöld (-gjöld umfram tekjur)</b>		<b>4.400.000</b>	<b>1.814.057</b>	<b>15.522.175</b>

# SJÓÐSTREYMI ÁÆTLUN

01.11.2023 - 31.10.2024

	Árið 2024	Árið 2023	Árið 2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður (tap) ársins	4.400.000	1.814.058	15.522.176
Afskriftir	16.100.000	15.441.626	11.367.985
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>20.500.000</b>	<b>17.255.684</b>	<b>26.890.161</b>
<b>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum</b>			
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	0	-611.686	-105.110
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	0	230.551	483.218
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	-2.500.000	2.732.448	1.301.235
<b>Nettó breyting</b>	<b>-2.500.000</b>	<b>2.351.313</b>	<b>1.679.343</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>18.000.000</b>	<b>19.606.997</b>	<b>28.569.504</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Eignfærðar framkvæmdir á velli	0	-5.239.532	0
Keypt tæki	-24.000.000	-13.509.834	-14.727.213
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>-24.000.000</b>	<b>-18.749.366</b>	<b>-14.727.213</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Sala tækja	4.000.000		
Tekin lán	13.000.000	6.000.000	0
Afborganir langtímaskulda	-2.500.000	-13.326.919	-6.550.001
Afborgun á skuld vegna frístundahúss	-5.000.000	-6.195.750	-3.006.339
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>9.500.000</b>	<b>-13.522.669</b>	<b>-9.556.340</b>
<b>Hækkun (lækkun) handbærs fjár</b>	<b>3.500.000</b>	<b>-12.665.038</b>	<b>4.285.953</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs</b>	<b>17.208.659</b>	<b>29.873.699</b>	<b>25.587.748</b>
<b>Handbært fé í lok árs</b>	<b>20.708.659</b>	<b>17.208.659</b>	<b>29.873.699</b>



## **Golfklúbburinn Leynir**

Grímsholti, 300 Akranes

Sími: 431 2711

leynir@leynir.is

[www.leynir.is](http://www.leynir.is)